

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 21. október 2019
UST201910-089/B.S.
10.04.02


Efni: Aðalskipulag - Breyting - Korpulína í Reykjavík – tillaga. Umsögn


Vísað er til bréfs Reykjavíkurborgar dags. 4. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu um færslu Korpulínu 1 milli tengivirkja á Geithálsi og Korpu. Jafnramt verður línan að hluta lögð í jörð alls um 3,8 km leið. Einnig verður smávægileg breyting á legu Rauðavatnslínu 1.

Skóðaðir voru þrjú valkostir varðandi legu jarðstrengs A0, A1 og A2. Leiðir A1 og A2 liggja báðar að hluta meðfram Vesturlandsvegi en þeir kostir eru taldir slæmir vegna nálægðar við veginn byggt á reynslu af staðsetningu annarra jarðstrengja við Vesturlandsveg. Kostur A0 er talinn bestur en hann liggur meðfram Reynisvatnsvegi og víkur frá veginum við Lambhaga þar sem strengurinn liggur ofan við Lambhaga og Bauhaus að Vesturlandsvegi ofan við tengivirki við Korpu.

Umræddir kostir eru í samræmi við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar dags. 31 maí sl. þar sem lögð er áhersla á að leggja strenginn með öðrum mannvirkjum eins og kostur er. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur